



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	Frv. á 154. löggjafarþingi - Frv. til laga um br. á raforkulögum, nr. 65/2003 (raforkuöryggi) UMH23110117
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Innleiðing EES-gerðar?	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
Dags.	24.1.24

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Raforkuöryggi og tryggt framboð raforku eru grundvallarþáttur í þjóðaröryggi Íslands.

Á síðustu árum hefur nýting virkjana farið jafnt og þétt vaxandi. Eftirspurn hefur vaxið hraðar en sem nemur auknu framboði. Afleiðingin er minna svigrúm til að bregðast við áföllum í vinnslu- og flutningskerfi raforku, eða óvæntri minnkun á framboði á heildsölumarkaði og almennum markaði. Þetta getur skapað veikleika í raforkuöryggi að því er varðar framleiðsluöryggi og nægjanlegt raforkuframboð til næstu tveggja til fimm ára.

Í ágúst 2020 skilaði starfshópur sem skipaður var af atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra skýrslu um orkuöryggi á heildsölumarkaði fyrir raforku. Í júní 2022 skilaði starfshópur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um orkuöryggi tillögum til ráðherra um ýmsar úrbætur á regluverki.

Útfæra þarf viðmið um fullnægjandi raforkuöryggi og framboð á raforku og skýra þarf hlutverk og ábyrgð aðila á raforkumarkaði sem og möguleg inngríp í raforkumarkaðinn ef þess gerist þörf.

Á vegum umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytis stendur yfir vinna um nákvæma útfærslu á tilteknum úrræðum frá starfshópunum og viðbótarúrræðum í óformlegum samstarfshópi með víðtæka þátttöku aðila á markaði ásamt eftirlitsaðila og flutningsfyrirtækinu.

Ráðuneytið ákvað að tillögur sem byggja á vinnu framangreindra starfshópa yrðu lögfestar í áföngum eftir því sem vinnu í óformlega starfshópunum vindur fram.

Umhverfis-, orku, og loftslagsráðherra hefur þegar lagt fram frumvarp um breytingu á raforkulögum þar sem tilteknar tillögur áðurgreindra starfshópa eru útfærðar. Um er að ræða tillögur sem varða söfnun og miðlun upplýsinga um stöðu á raforkumarkaði annars vegar. Hins vegar lögfestingu á forgangsörðun komi til skömmtunar raforku í þágu heimila, lítilla og meðalstórra fyrirtækja og mikilvægra samfélagsinnviða

Með þessu frumvarpi er ráðgert að útfæra nánar skyldur aðila á raforkumarkaði, þ.e. vinnsluaðila, flutningsfyrirtækisins og söluaðila. Einnig eru til skoðunar heimildir stórnotenda til að selja ónotaða orku inn á kerfið.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Úrlausnarefnið er að stuðla að bættu raforkuöryggi almennings. Ráðgert er að útfæra nánar skyldur aðila á raforkumarkaði, þ.e. vinnsluaðila, flutningsfyrirtækisins og söluaðila. Einnig eru til skoðunar heimildir stórnotenda til að selja ónotaða orku inn á heildsölumarkað.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Raforkulögin byggjast almennt á því að eftirspurn og framboð raforku ráðist af markaðslögmálum og mæla ekki fyrir um sérstakar ráðstafanir eða inngrip stjórnvalda til að tryggja orkuöryggi almennra notenda. Auk frumvarpsgerðar er unnið að útfærslu og innleiðingu á þeim þáttum tillagna viðkomandi starfshópa sem ekki kalla á lagabreytingar.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Í orkustefnu fyrir Ísland til ársins 2050 kemur fram að orkuöryggi og tryggt orkuframboð sé grundvallarþáttur í þjóðaröryggi Íslands. Í stefnunni kemur fram að almenningur skuli njóta forgangs að raforku.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Markmið lagasetningarinnar er að tryggja orkuöryggi og orkuframboð fyrir almenning og mikilvæga innviði.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Verði ekkert aðhafst er hætt á því að komi til skorts á framboði raforku verði vernd almennings, lítilla og meðalstórra fyrirtækja og mikilvægra innviða gagnvart orkuskorti ekki nægjanlega markviss.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið

Aukið raforkuöryggi fyrir almenning er margþætt verkefni. Með því frumvarpi sem hér er áformað verða lagðar til tilteknar lagabreytingar sem talið er æskilegt að ráðast í nú þegar. Jafnframt er unnið að reglugerð sem varðar söfnun og miðlun upplýsinga á raforkumarkaði.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu

Aðrar leiðir en viðeigandi breytingar á raforkulögum eru ekki taldar geta átt við.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni

Stefnt er að breytingu á raforkulögum. Markmið raforkulaga er m.a. að tryggja fullnægjandi raforkuöryggi, hagsmuni neytenda og neytendavitund á raforkumarkaði. Raforkuöryggi samkvæmt raforkulögum felur í sér að notendur hafi aðgang að raforku þegar hennar er þörf og þar sem hennar er þörf, með hliðsjón af almennri stefnumörkun stjórnvalda á hverjum tíma og skilgreindum áreiðanleika og gæðum. Þá er í raforkulögum fjallað um skyldur framleiðenda, flutningsfyrirtækis, dreifiveitna og söluaðila sem og eftirlitsheimildir Orkustofnunar.

2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott

Raforkulögin byggjast almennt á því að eftirspurn og framboð raforku ráðist af markaðslögmálum og mæla ekki fyrir um sérstakar ráðstafanir eða inngrip stjórnvalda til að tryggja orkuöryggi almennra notenda.

Helstu breytingar sem áætlaðar eru:

- Söluaðilar tryggi sér tiltekið magn raforku fram í tímann í hlutfalli við magn viðskipta
- Framleiðendur tryggi framboð í samræmi við það magn sem söluaðilum ber að tryggja sér
- Framkvæmd á kerfisþjónustu og kaupum á flutningstöpum er til skoðunar með það að markmiði hvort stuðla megi að auknum fyrirsjáanleika

- Ráðstafanir til að styðja við endurkaup raforku af stórnotendum

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?

Taka þarf mið af tilskipun 2009/72/EB um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku. .

2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?

Nei.

3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?

Nei.

F. Samráð

1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?

Almennir notendur raforku (þar með talið lítil og meðalstór fyrirtæki), framleiðendur, flutningsfyrirtækið Landsnet, dreifiveitur, sölufyrirtæki, frjáls félagasamtök og stórnotendur raforku.

2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?

Nei.

3. Samráð sem þegar hefur farið fram

Í starfshópum sem fjallað hafa um málið hafa setið fulltrúar raforkuframleiðenda, umhverfisverndarsamtaka og neytenda.

Þá hefur ráðuneytið fundað með hagaðilum við nánari greiningu og útfærslu.

Í október 2023 var haldin málstofa með helstu hagaðilum um yfirstandandi vinnu við að tryggja bætt raforkuöryggi.

4. Fyrirhugað samráð

Birting þessa áformaskjals í samráðsgátt. Birting frumvarpsdraga í samráðsgátt. Gert er ráð fyrir að frumvarpið verði unnið í nánu samstarfi við Orkustofnun og , Landsnet og í samráði við hagaðila.

Í febrúar 2024 verður haldin sambærileg málstofa með framangreindum aðilum.

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal

Markmið frumvarpsins er að tryggja almenningi sérstaka vernd gegn orkuskorti með því m.a. að mæla fyrir um skyldur aðila á markaði.

H. Næstu skref, innleiðing

1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina?

Já

2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?

Á þessu stigi er ekki talið að sérstakan tíma þurfi til aðlögunar eftir að löggin öðlast gildi.

3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?

4. Mælikvarðar á árangur og útkomu

Það hvernig löggjöfin reynist í að vernda almenning gegn orkuskorti með sem minnst íþyngjandi hætti fyrir aðila á raforkumarkaði er mælikvarði á árangur og útkomu.

5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?

Gagnaöflun sem gert er ráð fyrir með reglugerðarbreytingu mun nýtast til að meta árangur.

I. Annað

J. Fylgiskjöl

1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað
2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum